

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	6. maí 2024	Tími:	12:00 – 13:30
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og Teams			
Fundarstjóri:	SK			
Ritari:	AS			
Á fundinn mættu:	Arnór Snæbjörnsson (AS), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Ingibjörg Jóhannsdóttir (IJ), Ingileif Oddsdóttir (IO), Sigríður Kristinsdóttir (SK) og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi::	Elfa Ýr Gylfadóttir (EÝG), Helga Þórisdóttir (HP)			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 6. maí 2024

1. Fundargerð stjórnarfundar 8. apríl 2024

Fundargerð stjórnarfundar 8. apríl síðastliðinn var samþykkt.

2. Aðalfundur

Farið yfir skipulag og dagskrá aðalfundarins sem haldinn verður 16. maí næstkomandi. Kjörnefnd hefur kynnt frambjóðendur til stjórnar fyrir félagsmönnum og mun annast framkvæmd kosninga á fundinum. Áður en hefðbundin aðalfundarstörf hefjast verður málstofa um mikilvægi vandaðrar samskiptastefnu, þekkingar á grunnþáttum almannatengsla og réttar ráðgjafar í þeim efnum. Fyrirlesarar verða þau Andrea Guðmundsdóttir, doktorsnemi í samskiptafræðum og aðjúnt og fagstjóri miðlunar og almannatengsla við Háskólann á Bifröst og Ingvar Örn Ingvarsson, framkvæmdastjóri alþjóðlegu almannatengslastofunnar Cohn & Wolfe á Íslandi.

3. Starfsreglur stjórnar

Umræður. Tillaga SK um hækkun hámarksstyrks vegna stjórnsýslumáls skv. gr. 7.5. og vegna reksturs dómsmáls skv. gr. 7.6. í takt við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá því nóvember 2021 til dagsins í dag var samþykkt. Starfsreglurnar voru samþykktar svo breyttar.

4. Samanburður á laga- og starfsumhverfi forstöðumanna

Trausti Fannar Valsson hefur sent félaginu upplýsingar um stöðu verkefnis og tillögur að næstu skrefum. Ákveðið að óska eftir fundi með honum til að fara yfir stöðuna.